

**Vorferð Karlakórs Kjalnesinga
Krakow 30. apríl – 7. maí 2019**

Dagur 1. (30.4. þriðjudagur)

Mæting á Keflavíkurflugvöll kl. 16.30, söngur og vínsmökkun í Leifsstöð.
Brottför 19.40.
Lending í Katowice kl. 01.40. og rútuferð upp á HOTEL Lwowska1.

Dagur 2. (1.5. miðvikudagur)

Frjáls dagur til að skoða borgina.
Kl. 18. Móttöku kvöldverður þar sem boðið verður upp á þjóðlegan söng og dans að hætti heimamanna. Verð á mann 19£.



Dagur 3. (2.5. fimmtudagur)

Kl. 10. Gönguferð um miðbæinn undir leiðsögn fararstjóra. Eftir göngutúrinn verður haldið í Kirkju heilags Péturs og Páls og haldin stutt æfing fyrir aðal tónleikana.
Eftirmiðdagur og kvöld frjálst.

Dagur 4. (3.5. föstudagur)

Fyrri partur frjáls tími.
Kl 16. verður haldið í saltnámurnar frægu Wieliczka þar sem þetta stórkostlega mannvirki verður skoðað. Hópnum verður skipt upp í þrjár c.a. 30 manna grúppur sem hver og ein mun skoða námurnar ásamt fararstjóra. Í lokinn munum við halda stutta tónleika í neðanjarðar saltdómkirkunni.
Kvöld frjálst.



Dagur 5. (4.5. laugardagur)

Fyrri partur frjáls tími.
17.30. Brottför frá hóteli á tónleikastað.

Kl. 18.30. Tónleikar í hinni stórglæsilegu kirkju sem kennd er við þá félagu heilagan Pétur og heilagan Pál. Kirkjan er staðsett við aðal torgið í gamla miðbænum. Okkar maður hjá Melody Music reiknar með mörgum og áhugasömum áhorfendum á þessa tónleika sem munu taka um einn klukkutíma (kórgalli).

Eftir tónleika verður sameiginlegur kvöldverður á BIALA ROZA veitingastaðnum þar sem skálað verður fyrir frábærum tónleikum. Verð á mann 17£.



Dagur 6. (5.5. sunnudagur)

Fyrri partur frjáls.

Kl 18.30 verður haldið til hátíðarkvöldverðar á Pod Kogutkiem veitingastaðnum sem er í c.a. 30-40 mínútna fjarlægð frá Krakow. Staðurinn er í 18 aldar byggingum og sérhæfir sig í pólskri matargerð. Hlaðborð og margt fleira. Verð á mann 36£. Áætluð heimkoma upp á hótél um kl. 1.

Dagur 7. (6.5. mánudagur)

Kl. 10. Heimsókn í Auschwitz útrýmingabúðirnar.

Kl. c.a. 13. Hádegisverður. Verð á mann 12.50£

Eftir hádegisverð höldum við til hinnar gullfallegu borgar Czestochowa hvar við hittum kollega okkar í POCHODNIA kórnum og höldum þar sameiginlega tónleika með þeim. Að loknum tónleikum bjóða þeir okkur til kvöldverðar þar sem þeir hyggjast sýna okkur pólska gestrisni eins og hún gerist best og bjóða upp á hlapborð og drykki að hætti Czestochowamanna.



Dagur 8. (7.5. þriðjudagur)

Frjáls morgun.

Kl 12 brottför frá hóteli

Kl. 18.55 landing í Keflavík.

Ath. Frá upphaflegu plani hefur verið bætt við máltíðum þannig að nú eru í ferðinni fjórir sameiginlegir kvöldverðir (þar af einn Gala dinner) og einn hádegisverður. Fyrir þetta þarf að greiða aukalega samtals 84.50 £. eða um kr. 13-14.000,- á mann. Þetta gerir hver og einn upp á staðnum.

Melody Music Company.....for all your Choir Touring Needs